

ABSTRACT

The Short Fuse of Skalla-Grímr:
Two Reflections on Cognitive Science

This article is concerned with cognitive theory of metaphor. It begins with a little survey of Icelandic discussion on metaphors and cognition, along with the insights of cognitive theory of metaphor. In the second part a survey of cognitive discussion on anger-metaphors is given, following a discussion on some central anger-metaphors in Old Norse and Icelandic. The third part is concerned with cognitive poetics and an Old Norse skaldic stanza. Cognitive poetics is used to analyze the metaphors, but in addition it is shown how one is bound to make use of older poetics in such endeavour. The case study in question suggests, in contrast to the traditional critical view of Icelandic Sagas as historical sources, that the metaphorical thinking in the stanza can be detected in other poems dated to the pre-Christian era, while the stanza is in many ways distinctive from the classical aesthetics of the Middle Ages.

Keywords: cognitive science, metaphor, conceptual metaphor, cognitive poetics, skaldic poetry.

SIF RÍKHARÐSDÓTTIR

Hugræn fræði, tilfinningar og miðaldir

Oss birtist í fornum sögum furðuveröld merk,
hefjur með frægðarljóma og þeirra afreksverk,
um gleði og veislur miklar harma, sorgir og tár
riddarar sverðum bregða og sögumnar segja því frá!¹

Árið 1939 gaf Norbert Elias út ritið *Über den Prozeß der Zivilisation (Umferli siðmenningar)* þar sem hann lýsti því hvernig menningin væri í stöðugri þróun frá frumstæðri menningu forfæðra okkar til siðmenningar nútímans.² Þessi barnsleiki formenningar fól ekki sér í sér ákveðið tilfinningalegt hamsleysi sem leiddi meðal annars af sér ofbeldi og óhóf. Elias leir svo á að miðaldamaðurinn hefði yfir að búa óþroskuðu tilfinningalífi þar sem lítlar hömlur voru á hegðun og að þróun mannlýms fælist ekki sér í því að nútímamaðurinn hefði tileinkað sér sjálfsjón og aga á tilfinningalífi sem hefði leitt af sér aukna siðmenntun. Ef um er að ræða ákveðna einföldun

¹ *Das Nibelungenlied*, ritsý. Karl Bartsch, Wiesbaden: F. A. Brockhaus, 1972, 1. þáttur, 1. erindi, bls. 3. Á miðháþýsku segir:

Uns ist in alen mæren wunders vil geseit
von helden lobebæren, von grôzer arebeit,
von fröuden, hôchgezîten, von weinen und von klagen,
von küener recken strîten muget ir nu wunder hœren sagen.

² Þýðingar úr miðháþýsku eru unnar af greinarahöfundu í samvinnu við Ríkharð Kristjánsson. Allar aðrar þýðingar í greininni eru eftir greinarahöfund. Útgáfa Bartsch er byggð á handriti B (St. Gallen handritinu), einu af þremur elstu handritum textans sem jafnframt mynda þrjár gerðir kvíðunnar. Tekið skal fram hér að fyrsta erindið er hins vegar ekki að finna í B.

Norbert Elias, *Über den Prozeß der Zivilisation*, 2. b., Basel: Verlag Hans zum Falken, 1939. Fyrsta bindi ritsins var gefið út á ensku árið 1969, *The Civilization Process*, 1. b., Oxford: Blackwell, 1969. Verkið hafði ekki umtalsverð áhrif þegar það kom fyrst út, en endurtúgáfa þess árið 1968 og þýðingar þess yfir á ensku og frönsku skömmu seinna höfðu gífurleg áhrif og mótuðu hugmyndir þeirra kynslóða sem á eftir komu um miðaldir og menningu miðaldamanna.

á hugmyndfræði Elias, þá er það engu að síður svo að hugmyndir hans um hinn frumstæða miðaldamann höfðu gífurleg áhrif og mótuðu viðhorf fræðimanna sem og leikmanna til miðalda og má segja sem svo að enn eimi eftir af hugmyndunum um hinar frumstæðu miðaldir.

Síðmenning var þannig beintengd við tilfinningalíf og þá ekki síst við þá athöfn að beisla eða bæla niður taumlausar tilfinningar. Nátúranansóknir í taugalífæði og lífefnafræði hafa hins vegar leitt í ljóst að slíkar hugmyndir um tilfinningar sem hvarir sem huganum beri að stjórna eru sjálfar söguleg hugmyndaform sem á sér ekki stóð í því flókna taugalífæðilega kerfi sem liggur að baki tilfinningalífi manna.³ Ef horft er til miðalda-bókmennta með hliðsjón af slíkum hugmyndum, má gefa sér að þær tilfinningar sem þar birtast endurspeglar að einhverju leyti tilfinningalíf miðaldamanna, en að þær séu engu að síður mótaðar af hugmyndum um eðli tilfinninga, venjum um framsetningu þeirra og menningarhlutverki þeirra í hverju samfélagi fyrir sig. Lesandi sem dregur fram *Nýflungakvívönnu* (*Nibelungenlied*), sem vitnað er í hér í upphafi greinar, nú 800 árum síðar, á ekki í neinum vandræðum með að túlka þær tilfinningar sem þar er lýst, jafnvel þó að sá menningarheimum sem kvíðan vísar í sé honum víðs fjarri. Sá skilningur felst kannski einna helst í þeim eiginleika mannsins að túlka viðbrögð, orð og gjörðir í eigið hugmyndaræðilegt kerfi. Tilfinningar eru endurskapaðar í huga lesanda út frá hans eigin skilningi og skynjun á svipbrigðum, líkamstjórningu og yrðingum. Spurningin sem eftir stendur er hins vegar hvernig slíkum tilfinningum er miðlað? Hvernig getum við fjallað um tilfinningar í bókmenntum þegar tilfinningar eru taugalíf-fræðilegt fyrirbrigði sem tilheyrir mannslíkamanum en ekki, þegar upp er staðið, þeirri textalegu hugsmíð sem sögupersónur eru. Í þessari grein verður kannað hvernig tilfinningum í texta, þá sérstaklega miðaldatextum, er miðlað til nútímaleсандans. Leitast verður við að greina hlutverk þeirra og framsetningu og gildi slíkrar nálgunar fyrir miðaldabókmenntir skoðað.

3 Rannsóknir innan taugalífæði hafa á síðustu árum sýnt fram á að tilfinningar eru hluti af flóknu ferli sem felur meðal annars í sér skynjun og hugræna úrvinnslu eða mat á aðstæðum. Sá fræðimaður sem hefur einna helst átt þátt í að afbyggja hugmyndir um aðskilnað líkama og hugar, þegar tilfinninguupplifun á í hlut er hella- og taugatræðingurinn Antonio Damasio. Bók hans, *Descartes' Error: Emotion, Reason and the Human Brain* (London: Vintage Books, 2006), byggir meðal annars á þeirri grundvallarkenningu að tilfinningar séu nauðsynlegur þáttur í því hugræna ferli sem liggur til grundvallar rökhugsun. Tilfinningar séu því ekki hvarfir sem þurfi að bæla eða hemja til að rökleiðsla geti átt sér stað, heldur séu þær þvert á móti forsenda rökhugsunar og ákvarðanatöku.

Sjálft hugtakið „tilfinning“ er vandmeðfarið. Flestir telja sig vita hvað átt er við með tilfinningum, en hættan er sú að við nánari ahugun beri slíkum skilgreiningum ekki endilega saman. Í *Íslenskri orðabók* er hugtakið skilgreint sem „þreifiskyn“, „skynjun“, „það að kenna til e-s“, eða sem „geðhrif“.⁴ Áherslan er því annars vegar á líkamlegar tilfinningar, þ.e. þá skynjun sem miðlað er til heilans í gegnum skilningarvitin, og hins vegar á „innri“ upplifun kenna. Þessi tvíþætting tilfinninga birtist í hugtakanotkun í ensku þar sem gerður er greinarmunur á tilfinningum (e. *emotion*) og tilfinningalegum geðblæ eða geðbrigðum (e. *affect*).⁵ Skilningur nútímannsins á eigin tilfinningum og annarra er enn fremur síðari tíma þróun og tengist hugmyndum um sjálfhð og sjálfsvitund. Hugtakið „tilfinning“ nær nú yfir það sem áður hétði verið skilgreint (eða í það minnsta upplifað og túlkað) sem „ástríða“, en latneska orðsifjamyndin *passio* lá til grundvallar miðaldaskilningi á þeim kenndum sem við eigum við í dag þegar talað er um tilfinningar.⁶

Thomas Dixon bendir á að hugtakið tilfinningar (e. *emotion*) sé sálfræðilegt hugtak og það sé því afturð síðari tíma þróunar á hugmyndum um eðli og innra líf mannsins. Viðhorf og skilningur á tilfinningalífi hafi allt fram á nútíðinu öldina verið mótuð af guðfræðilegu viðhorfi til sálarlífsins og tilfinningar hafi því verið flokkaðar í mismunandi birtungarmyndir grunnástríðna (lat. *passio*).⁷ Á nútíðinu öldinni hafi menn hins vegar farið að huga að þessu innra lífi sem raunsonnu manlegu fyrirbæri. Charles Darwin beindi meðal annars athygli sinni að hlutverki tilfinninga í þróun

4 *Íslensk orðabók*, ritstj. Árni Böðvarsson, Reykjavík: Bókavélgáfa Menningarstöðs, 1985.

5 „Affect“ vísar hér í geðhrif sem líkamlega skynjun, eða þá hugmynd að tilfinningar eigi sér stað innra með og í líkamanum sjálfum. Í ensku er enn fremur gerður greinarmunur á upplifun slíkra kenna (e. *feeling*) og hugtakinu „tilfinning“ eða „geðhræring“ (e. *emotion*) sem nær þá yfir ferlið í heild sinni, þ.e. skynjun, meðvitund og upplifun slíkra kenna. Í frönsku eru notuð hugtökinn kenna (*le sentiment*) og tilfinning (e. *emotion*) og í þýsku má finna aðgreiningu milli tilfinninga (þ. *Gefühls*) og kenna eða hughrifa (þ. *Gemütsbewegung*) sem eru í grófum dráttum sambærileg við aðgreininguna í ensku.

6 Í Rittalissafni Orðabókar Háskólans kemur fram að orðsins „tilfinning“ verður fyrst vart á sauðýánda öld, en „ástríða“ á þeirri sextánda. Skilin eru hins vegar ekki eins merkjanleg og í enskri málögu þar sem hugtakið „tilfinningar“ (e. *emotions*) yfirtekur hugtakið „ástríður“ (e. *passions*) sem almenn lýsing á geðhrifum á nútíðinu öld. Orðið „passion“ fær þá að eiga við ákveðnar tilfinningar, þ.e. sterk og oft óviðráðanleg geðhrif tengd grunnkenndum eins og ást og reiði.

7 Thomas Dixon, *From Passions to Emotions. The Creation of a Secular Psychological Category*, Cambridge: Cambridge University Press, 2003.

lífrera í rannsóknnum sínum á svipbrigðum manna og dýra. Í kjölfarið á flokkun hans á mannlegum tilfinningum, sem sett var fram í verki hans, *Svipbrigði tilfinninganna í mönnum og dýrum*⁸ á síðari hluta níúanda aldar beindust sálfræðirannsóknir á tilfinningum aðallega að þróunarsálfræði (e. *evolutionary psychology*). Litíð var svo á að tilfinningar væru lífefnafræðileg viðbrögð við áreitu sem miðlað væri í gegnum taugakerfið. Þessi viðbrögð væru erfðafæðileg og því háð þróun mannsins sem lífreru. Ef tilfinningar voru innbyggðar í erfðamengi mannsins, var hægt að líta svo á að þær væru líffræðilega staðlaðar og því hægt að greina þær og flokka.

Fræðimenn eins og Paul Ekman og Wallace V. Friesen hófu á sjöunda áratug tuttugustu aldar að rannsaka svipbrigði fólks í ólíkum menningarheimnum og settu í framhaldi af því fram kenningar um að hægt væri að greina ákveðnar grunntilfinningar eins og reiði, hamngju (eða vellíðan), sorg og ótta á svipbrigðum fólks, óháð þjóðerni þess eða menningu.⁹ Slík eðlislæg og ómeðvituð tilfinningaleg viðbrögð bentu til þess að um væri að ræða stöðluð og algild líffræðileg viðbrögð sem hægt væri að greina út frá ákveðnum algildum taugalíffræðilegum svipbrigðum. Upp úr 1980 kom fram hópur sálfræðinga sem gegnyndi slíkar þróunarkenningar og taldi að tilfinningar væru menningarbundnar og þar af leiðandi breytilegar. Carolynne Larrington hefur skilgreint þessar kenningar sem „frumbáttakenningar“ (e. *compartmental theories*) í andstöðu við það sem hún kallar „algildiskenningar“ (e. *universalist theories*).¹⁰ Hún skiptir frumbáttakenn-ingum í þrjá hópa þar sem áherslan er annað hvort á sálfræðilegan, hug-rænan eða hegðunarlegan þátt tilfinninga. Þessar kenningar falla meira og minna undir þann skóla sem kenndur hefur verið við félagslega hugsniðá-hyggiu (e. *social constructionist school*) sem felur í sér vírt svið kenninga sem

eiga það þó allar sameiginlegt að telja að tilfinningar endurspegli sértekar menningarlegar aðstæður einstraklinga.¹¹

Mannfræðingurinn Catherine A. Lutz stendur að mörgu leyti fyrir öfgafyllstu birtingarmynd félagslegu hugsniðáhyggjunnar, en hún telur að sjálft hugtakið „tilfinning“ sé menningarleg afurð:

Híð menningarlega merkingarkerfi sem gefur hugtakinu „tilfinning“ gildi hefur verið ósýnilegt vegna þess að við höfum gefið okkur að það sé mögulegt að auðkenna eðli tilfinninga, að tilfinningar séu algildar og að þær séu aðskiljanlegar bæði frá persónulegu og samfélagslegu samhengi.¹²

Lutz lífr svo á að hugtakið „tilfinning“ sé náteengt skilningi á sjálfnu, sem sé þar að auki mótað af og háð hugmyndum hins vestræna heims um eðli og tilvist slíks sjálfs. Hún afheifar því þeirri kenningu að við getum skilgreint eða skilið fullkomlega tilfinningalíf fjarlægtra menningarheima þar sem samfélagslegar aðstæður sem móta skynjun og upplifun tilfinninga séu alltaf í grundvallaratriðum ólíkar og þar af leiðandi óaðgengilegar. Lutz þróaði kenningar sínar frekar í ritinu *Language and the Politics of Emotion* (Tungumál og stefnumál tilfinninga) sem hún ristyrði ásamt Lila Abu-Lughod, en þar halda þær því fram að ekki sé hægt að skilja tilfinningar án þess að tengja hugmyndina um þær við hugtakið „orðræða“ (e. *discourse*). Þær telja að „farselasta greiningarleiðin við rannsókn á tilfinningum um annarra menningarheima sé að rannsaka orðræðu um tilfinningar og tilfin-

8 Charles Darwin, *The Expression of the Emotions in Man and Animals*, 3. útg., London: HarperCollinsPublishers, 1998.

9 Sem dæmi um rannsóknir á grunntilfinningum og svipbrigðum má benda á Paul Ekman og Wallace V. Friesen, „Constraints Across Cultures in the Face and Emotion“, *Journal of Personality and Social Psychology* 17/1971, bls. 124–129, og Ekman og Friesen, „Universals and Cultural Differences in the Judgments of Facial Expressions of Emotion“, *Journal of Personality and Social Psychology* 53/1987, bls. 712–717. James A. Russell hefur gagnrýnt nálgunaraðferð þeirra í grein sinni „Is there Universal Recognition of Emotion from Facial Expression? A Review of Cross-Cultural Studies“, *Psychological Bulletin* 115/1994, bls. 102–141.

10 Carolynne Larrington, „The Psychology of Emotion and Study of the Medieval Period“, *Early Medieval Europe* 10/2001, bls. 251–256, sjá sérstaklega bls. 251.

11 Sjá til að mynda *The Social Construction of Emotion*, ritstj. Rom Harré, Oxford: Basil Blackwell, 1988 og *The Emotions, Social, Cultural and Biological Dimensions*, ritstj. Rom Harré og W. Gerrod Parrott, London: Sage Publications, 1996. Carolynne Larrington veitir gott yfirlit yfir þessar tvær andstæðu stefnur í ófánnendri grein sinni, „The Psychology of Emotion and Study of the Medieval Period“. Rom Mallon og Stephen P. Stich hafa hafa hins vegar haldið því fram að þessar tvær skólar séu í raun ekki eins andstæðir og talið hefur verið, sjá „The Odd Couple: The Compatibility of Social Construction and Evolutionary Psychology“, *Philosophy of Science* 1/2000, bls. 133–154.

12 Catherine A. Lutz, „Emotion, Thought, and Estrangement: Emotion as a Cultural Category“, *Cultural Anthropology* 1/1986, bls. 287–309, sjá bls. 288. Á ensku segir: „The cultural meaning system that constitutes the concept of emotion has been invisible because we have assumed that it is possible to identify the essence of emotion, that the emotions are universal, and that they are separable from both their personal and social contexts.“

ingalega orðræðu sem félagsathafnir í fjölbreytlegu þjóðfélagslegu samhengi.¹³

- Afstæðishyggja Lutz leiðir hins vegar af sér að slík menningarmörk (hvort heldur þau ráðast af tungumálum, menningu eða tíma) kæmu í veg fyrir sammanlega týningu og skilning, og má því gefa sér að bókmennataheimur miðalda væri okkur lokaður heimur. Hins vegar er áhersla Lutz og Abu-Lughod á orðræðu mikilvæg í miðaldasamhengi þar sem textar (og aðrir sambærilegar formnir) eru eini möguleiki okkar á að nálgast þann hugmyndaheim sem mótaði viðkomandi texta. Greining á orðræðu texta er því líkleg til að leiða af sér frekari skilning á þeim hugmyndahæmi sem settur er fram í verkinu, jafnvel þó slíkur hugmyndahæmur geti aðeins gefið okkur takmarkaðar upplýsingar um þann sögulega veruleika sem markaði sköpun hans.¹⁴ Abu-Lughod og Lutz eru fylgjandi því sem sagnfræðingurinn Barbara Rosenwein hefur kallað „sterka félagslega hugsmíðahyggju“ (e. *strong social constructionism*) sem afneitar hugmyndum um grunnlíffræðilegar og sammanlegar tilfinningar.¹⁵ Í andstæðu við sterka félagslega hugsmíðahyggju setur Rosenwein fram „væga félagslega hugsmíðahyggju“ (e. *weak social constructionism*) sem geirir aftur á móti ráð fyrir að samfélagsvenjur hafi áhrif á týningu tilfinninga. Slíkar kenningar afneita því eldri hugrænu eða efnifræðilegu inntaki í ferlinu. Þær sýna engu að síður að mati Rosenwein lítinn áhuga á þessu „innra ferli tilfinn-

ingamótunar“ en beinast þess í stað að greiningu á því menningarlega eða samfélagslega samhengi sem mótaði tilfinningalíf og framsetningu þess.¹⁶

Þessir tveir pólar innan rannsókna á tilfinningum, þ.e. algildisskólinn og félagslega hugsmíðahyggjan, eru þó ekki jafn andstæðir og virðist við fyrstu sýn. Nýrlegar rannsóknir á taugafurilum tilfinninga í mannum hafa leitt í ljós margþrotið og flókið samspil taugalíffræðilegs kerfis einstaklings annars vegar og umhverfis hans hins vegar þegar kemur að tilfinningalegum viðbrögðum og hegðun. Rannsóknir heila- og taugasérfræðingsins Antonio Damasio á heilaskaða og tilfinningahegðun gefa til kynna að tilfinningaviðbrögð séu áunnin (og því félagsleg) hegðun sem byggir á líffræðilegum grunnni; þ.e.a.s. hið innbyggða og meðfædda taugakerfi sem miðlar tilfinningum móttast af umhverfi, samfélagsvenjum og þörfum einstaklingsins.¹⁷ Sjálft taugakerfið tekur því ákveðnum breytingum og lagar sig að þörfum lífverunnar og kröfum umhverfis, jafnvel þó ákveðnir grunnþættir tilfinningahegðunar séu fyrirframgefnir og bundnir í erfðaefni mannsins.

Damasio skilgreinir tilfinningar sem „samsafn breytinga á líkamsástandi sem tengist ákveðnum hugrænum myndum sem hafa virkið sérstök kerfi í heilanum“.¹⁸ Manneskjan upplifir þessar tilfinningar hins vegar í gegnum „*reynsluna* af slíkum breytingum samhliða þeim hugrænu myndum sem hófu hringferlið.“¹⁹ Tilfinningar eru því, samkvæmt Damasio, greinanlegar í gegnum breytingar sem verða á líkamsástandi (t.d. hjartslætti, blóðþrýstingi o.s.frv.) sem hafa áftur áhrif á skynjun og meðvitund um ferlið sem túlkað er sem tilfinningar. Hann greinir á milli tilfinninga í formi geðshreyinga (e. *emotions*) og tilfinninga sem skynjunar (e. *feelings*).²⁰ og bendir á að allar geðshreiningar leiði af sér tilfinningar, en tilfinningar séu hins vegar ekki allar upprunnar í geðshreiningum.²¹ Damasio bendir á

¹⁶ „Internal mechanism of emotions' production“, (sama heimild, bls. 837).

¹⁷ Antonio Damasio, *Descartes' Error*.

¹⁸ „Collection of changes in body state connected to particular mental images that have activated a specific brain system“, (sama heimild, bls. 145).

¹⁹ „*The experience of such changes in juxtaposition to the mental images that initiated the cycle*“, (sama heimild, bls. 145, semningin í heild er skáleruð í frumtexta, skálerum í þýðingu er hins vegar mín).

²⁰ Sama heimild, bls. 143. Bergljófr Kristjánsdóttir notar við hugtakið „geðshreining“ og „tilfinning“ í grein sinni „Ég get ekki sagt“, Skáldskapur og hrún, *Ritnið 2/2011*, bls. 53–66, sjá bls. 53–54. Hér verður almennt notað við „tilfinning“ fyrir „emotion“ í áframbaldrandi umföllum þar sem „geðshreining“ felur í daglegu máli í sér vísun í tilfinningar tengdar miklum eða sterkum hughrifum sem er að einhverju leyti afvegaleiðandi. Hins vegar er „geðshreining“ viðeigandi að því leyri

¹⁴ Þessi staðhæfing felur ekki í sér ósk um aftunharf til sögunhyggju þar sem sögur verða lesnar í þeim tilgangi að greina þann sögulega veruleika sem ól þær af sér.

Hins vegar má ekki horfa fram hjá því að söguleg samhengi markar textann að meira eða minna leyti. Það er því mikilvægt að gerður sé greinarmunur á textanum sem sögulegu viðfangi (þ.e. sem hægt er að staðsetja í sögulegu samhengi) og sem sjálfstæðum hugmyndahæmi sem fylgir eigin bókmennatfræðilegum forsendum og reglum og sem lesandi á hvaða tíma sem er þarf að kljást við og túlka. Slíkur texti brýtur af sér hóft sögulegar fortrúar, þó hann tilheyrir eftir sem áður ákveðnu sögulegu samhengi.

¹⁵ Barbara H. Rosenwein, „Worrying About Emotions in History“, *The American Historical Review* 3/2002, bls. 821–845, sjá bls. 837.

að maðurinn sé ávallt í ákveðnu tilfinningalegu ástandi, án þess að hann sé nauðsynlega að upplifa geðshræringar eins og sorg eða gleði. Þetta ástand er hins vegar stöðugt að taka breytingum, en þær breytingar eru háðar flóknu samspili skynjunar (utanaðkomandi áreitis ásamt meðvitund um líkamlegt ástand), hugrænnar úrvinnslu þeirrar skynjunar og að lokum viðbrögðum (þæði lífeðlisfræðilegum og hugrænum). Tilfinningaskynjun gerir manninum því kleift að upplifa tilfinningalegt ástand sitt, en geðshræringar eru að mati Damasio aftur á móti skynjaðar sem hræringar eða breytingar á því ástandi.²¹

Damasio greinir enn fremur á milli „aðaltilfinninga“ (e. *primary emotions*) og „óþeina tilfinninga“ (e. *secondary emotions*).²² Aðaltilfinningar eru að mati Damasio meðfædd stöðluð viðbrögð taugakerfisins og falla því undir hugmyndir algildisnna um grunntilfinningar. Slíkar grunntilfinningar eiga samskræmt Damasio, uppruna sinn í límbíska kerfinu og byggja á erfðfræðilegum boðskiptum.²³ Þær eru því að vissu leyti meðfæddar og staðlaðar og þar af leiðandi öllum eiginlegar. Óþeinar tilfinningar eru hins vegar áunnar og því persónubundnar. Þær eru tengdar við virkni meðanvert í framhellanum og í heilaberkinum og má segja sem svo að þær séu ræstar með taugaboðum sem tengjast aðaltilfinningum. Þær eru því vitni um þá samfélagslegu þætti sem hafa áhrif á og móta taugalíffræðilega ferlið sem á sér stað við upplifun og túlkun tilfinninga.

Það má því segja sem svo að tilfinningalíf einstaklings sé samspil af meðfæddum erfðfræðilegum forsenddum og lærðum (og þar af leiðandi) menningarlegum hefðum er eiga við um tilfinningalega hegðun, viðbrögð og tjáningu. Ef tilfinningar orsakast af samþáttum og samspili taugafærði-

að orðmyndin felur í sér hreyfingu (hræringu) rétt eins og enska orðið „emotion“ tengist hugtakinu „motion“. Gerður verður greinarmunur á þessum tveimur hugtökum (þ.e. tilfinningu og geðshræringu) þar sem þörf er á.

21 Antonio Damasio, *Descartes' Error*, sjá sérstaklega bls. 143–164.

22 Sama heimild, sjá sérstaklega bls. 131–142.

23 Patrick Cohn Hogan hefur gagnrýnt kenningar um límbíska kerfið og telur að fræðimenn noti skilgreininguna „límbíska kerfið“ einfallega sem handhægt hugtak yfir þau margvíslegu svæði í heilanum sem hafa með tilfinningar að gera á einn eða annan hátt, sjá Patrick Cohn Hogan, „The Brain in Love: A Case Study in Cognitive Neuroscience and Literary Theory“, *Journal of Literary Theory* 1/2007, bls. 339–355, sjá sérstaklega bls. 341. Joseph Ledoux hefur einnig gagnrýnt hugtakið og telur að það sé úrelt, enda náði það ekki yfir það flókna kerfi og samspili mismunandi svæða í heilanum sem á sér stað við upplifun tilfinninga, sjá: Joseph Ledoux, *Synaptic Self: How Our Brains Become Who We Are*, New York: Penguin Books, 2003.

legra boðskipta og menningarlegrar mótnar, má sjá hvar taugavísindin skarast beinlínis við hug- og félagsvísindin. Ef slíkt erfðfræðileg taugakerfi eru í raun sjálf mótuð og undir áhrifum af reynslu einstaklings sem félagsveru, getur aðgreining hins lífefnafræðilega þáttar frá hinum félagslega leit af sér skakka mynd af því ferli sem á sér stað í upplifun og miðlun mannegra tilfinninga. Hin taugafærðilegu og lífefnafræðilegu boðskipti sem einstaklingar túlka sem tilfinningar eru því mótuð af umhverfi, þörfum og aðstæðum einstaklinga. Skilningur á tilfinningum grundvallast þar af leiðandi í meðvitund um menningarlegt samhengi.

Í þessari grein er gengið út frá því að tilfinningar eigi sér taugafærðilegan uppruna en að framsetning tilfinninga og þær sérstöku aðstæður sem leiða af sér tilfinningar séu hins vegar að miklu leyti menningarbundnar og ákvarðist af reynslu, persónuleika og samfélagslegu umhverfi einstaklings. Forsendur fyrir skilningi á tilfinningalíf annarrar persónu séu hins vegar þær að miðlun tilfinninga feli í sér einhvers konar kjarna sem sé sammanlegur, annars værum við ófær um að túlka og sýna samhyggð yfir landamæri eða jafnvel milli kynslóða. Slík miðlun er að mati sálfræðingsins Keiths Oatley í sjálfu sér grundvallarhlutverk tilfinninga.²⁴ Megintilgangur tilfinninga sé að stjórna því hvert athygli lífveru beinist, í því skyni að gera hana reidubúna til að bregðast við aðstæðum, hvort heldur neikvæðum eða jákvæðum, í þeim tilgangi að tryggja á sem bestan hátt atkomu hennar. Oatley telur því að tilfinningar gegni meginhlutverki í upplýsingaflæði, en að sú miðlun beinist inn á við, að einstaklingnum sjálfum. Barbara Rosenwein heldur því hins vegar fram að slík miðlun eigi sér ekki einungis stað innra með lífveru heldur gegni tilfinningar öðru fremur því hlutverki að greiða fyrir mannelegum samskiptum: „Tilfinningar eru hluti af mannelegum samskiptum ... og eru tjáðar í frásögunum sem eru mótaðar af félagslegu samhengi, bæði þær sem eru ínyndaðar og þær sem þróast innan hins raunverulega heims.“²⁵ Rosenwein lítur því svo á að tilfinningar séu „félagslegar afurðir“ (*social products*) og þær beri að skilgreina og túlka sem slíkar.²⁶ Tilfinningar mætti því skilgreina sem tjáningarform sem miðlar

24 Keith Oatley, „Emotions: Communications to the Self and Others“, *The Emotions: Social, Cultural and Biological Dimensions*, bls. 312–316.

25 Barbara H. Rosenwein, „Writing without Fear about Early Medieval Emotions“, *Early Medieval Europe* 10/2001, bls. 229–234, sjá bls. 231. Á ensku segir: „Emotions are part of human communication ... [and] are expressed within socially constructed narratives, both imaginary and unfolding in the real world.“

26 Sama heimild, bls. 231.

ekki einungis innra ástandi lífveru heldur einnig ákveðnum menningarbundnum venjum og hefðum sem hafa með manleg samskipti og félagslegt sambengi að gera.²⁷

Til að túlka tilfinningaviðbrögð annarrar persónu réttlæga verða báðir aðilar að sammælasi á einn eða annan hátt um merkingu slíkra viðbragða. Það félar í sér að framsettar tilfinningar má skilgreina sem tákna þar sem skilningur á tilfinningum og viðbrögð við þeim felast í réttu túlkun á viðkomandi kenndum. Af því leiðir að tilfinningarákna geta eins og önnur tákna verið margræð, búið yfir viðbótarmarkningum eða aukamerkingum, verið menningarlega hláðin o.s.frv. Slík tákningerving tilfinninga sést einna best í bókmenntum, þar sem tilfinningar í textum eru hvoruki raunverulegar, líffræðilegar né gegna þróunarfæðilegu hlutverki eins og manlegar tilfinningar. Þess í stað má segja að þær séu birtingarmynd persónulegra og félagslegra samskipta. Norbert Fries hefur meðal annars fjallað um hlutverk tilfinninga við miðlun og bent á að sem miðlunarkerfi séu þær á engan hátt frábrugðnar öðrum táknum (þ. *Zeichen*) eða táknurófum:

Tilfinningar eru miðlunarhæfar svo lengi sem hægt er að greina þær niður í almenna flokka af táknumyndum (þ. *Zeichenformen*) og tákamerkingum (þ. *Zeichenbedeutungen*). Það er nákvæmlega þessi eiginleiki sem skiptir máli fyrir semíótísk fræði, menningarfæði, textarfæði og málvísindi. Hægt er að skilgreina tilfinningar á *kerfisbundinn* hátt með því að umbreyta þeim í kóða þar sem þær eru skilgreindar sem táknumyndir.²⁸

²⁷ Sá íslenski fræðimaður sem hefur ritað einna mest um tilfinningar innan hugvísinda (mennnavísinda) er Kristján Kristjánsson, sjá til að mynda nýlegar bækur hans *Aristotle, Emotions, and Education*, Aldershot: Ashgate, 2007 og *The Self and Its Emotions*, Cambridge: Cambridge University Press, 2011. Ármann Jakobsson hefur enn fremur fjallað um samkennd í *Egils sögu* í grein sinni „*Egils saga and Empathy: Emotions and Moral Issues in a Dysfunctional Saga Family*“, *Scandinavian Studies* 80/2008, bls. 1–18. Einnig má í þessu sambandi benda á grein Torfa Tulinius sem tekur á *Njáls sögu* út frá kenningum Frides um sálgreiningu „*Árið goot gömlum og feigum*“; *Seeking Death in Njáls saga*, „*Á nustr-væga. Saga and East Scandinavia*, [Preprint Papers of the 14th International Saga Conference, Uppsala 9th–15th August 2009], ritstj. Agneta Ney, Henrik Williams og Fredrik Charpentier Ljungqvist, Gävle: Gävle University Press, 2009, bls. 948–955.

²⁸ „Gefühle sind kommunizierbar, sofern für sie konventionalisierte Zuordnungen von Zeichenformen und Zeichenbedeutungen konstituiert werden können. Genau dieser Umstand ist es, der für semiotische Wissenschaften, für Kulturwissenschaften, für Philologien und Sprachwissenschaften relevant ist: Durch ihre Kodierung mittels Zeichen werden Gefühle *systematisch* erfassbar.“ Norbert Fries, „Die Ko-

Fries leggur til að tilfinningar verði greindar sem „semíótískar einingar“ (þ. *semiotischen Einheiten*).²⁹ Nálgun Fries endurómar að mörgu leyti áherslu Lutz á orðræðu, en áhugi hans beinist hins vegar að vísindalegri kerfsgreiningu á nokkun tilfinningaorða í texta fremur en framsetningu tilfinninga í skáldskap. Þar sem tilfinningar í texta verða til, ef svo má að orði komast, í huga lesandans þá takmarkast tákngildi þeirra ekki við orðið sem semíótíska einingu, heldur koma þar margir þættir saman, bæði í miðlun og túlkun tilfinninga í texta. Tilraunir til að nálgast tilfinningarlíf sem birtist í textanum á forsendum þess hugmyndahems sem hann miðlar er þá háður nokkun slíkra orða í sambengi innan textans. Slík orð gætu því haft ákveðnar aukamerkingar eða jáhrvel hlíðraða merkingu innan hins textalega (og frásagnarfæðilega) sambengis. Carolynne Larrington bendir til að mynda á framsetningu og nokkun fornenska orðsins „gebolgen“ (þrúinn) og fornslensku orðanna „þrunginn móði“ og „þrúinn“ í *Byljófskröðu* (*Beowulf*) og *Ragnars sögu Loðbróðara*.³⁰ Í báðum textunum eru orðin notuð til að lýsa miðaldaskilningi á reiði og þeim líkamlegu áhrifum sem reiðin var talin hafa á sögupersónur. Hún bendir á að „hin lífeðlisfræðilegu einkenni reiði geta verið ýkt eða stilkend, en þau eru engu að síður þekjanleg.“³¹ Núnámalesandinn er því fær um að túlka tilfinninguna sem býr að baki lýsingunni réttlæga.³²

dierung von Emotionen in Texten. Teil 1: Grundlagen“, *Journal of Literary Theory* 1/2007, bls. 293–337, bls. 296, skálerun er í frumtexta.) Sjá einnig Norbert Fries, „Die Kodierung von Emotionen in Texten. Teil 2: Die Spezifizierung emotionaler Bedeutung in Texten“, *Journal of Literary Theory* 3/2009, bls. 19–71, þar sem hann leitast við að greina tilfinningar í texta kerfisbundnið út frá þeim kenningum sem settar eru fram í fyrri greininni.

²⁹ Norbert Fries, „Die Kodierung von Emotionen in Texten. Teil 1: Grundlagen“, bls. 297.

³⁰ Carolynne Larrington, „The Psychology of Emotion and Study of the Medieval Period“, bls. 254–255.

³¹ „The physiological symptoms of anger can be exaggerated or stylised, but they are none the less recognisable“, (sama heimild, bls. 254).

³² Sjá til að mynda umföllun um reiði í *Anger's Part: The Social Uses of an Emotion in the Middle Ages*, ritstj. Barbara H. Rosenwein, Ithaca: Cornell University Press, 1998. Um reiði sem sálfræðilegt fyrirbæri, sjá til dæmis James R. Averill, *Anger and Aggression. An Essay on Emotion*, New York: Springer-Verlag, 1982. Um reiði í Íslendingasögum, sjá grein Audar G. Magnúsdóttur, „Ill er ofhræð reiði: tilfinningar, saga og félagsleg þýðing reiðinnar í *Njáls sögu*“, *Heimtur: ritgerðir til heiðurs Gunnari Karðssyni stöttugum*, ritstj. Guðmundur Jónsson, Helgi Skáli Kjartansson og Vestreinn Ólason, Reykjavík: Mál og menning, 2009, bls. 50–63.

Orðalag og lýsingar eru ennfremur líkleg til að vera mörkuð af bókmennatverjum um framsetningu ákveðinna tilfinninga. Zoltán Kövecses bendir til að mynda á að myndhverfingar sem tengjast tilfinningum í tungumáli lýsi ekki bara þeim tilfinningum sem viðkomandi upplifir, heldur feili í sér ákveðnar menningarbundnar hefðir um skilning á eðli slíkra tilfinninga.³³ Lýsingarnar byggja á ákveðnum lífeðlisfræðilegum þáttum sem liggja til grundvallar myndhverfingunni. Kövecses nefnir sem dæmi hugmyndina um reiði sem „heitan vökva í láti“.³⁴ Í íslensku títókast að tala um að það sjóði á einhverjum þegar viðkomandi er reiður, eða að það kraumi undir niðri ef reiðin er niðurbæld, sem styður við myndhverfinguna um reiði sem vökva sem þenst út í líkamanum eins og sjá má í miðaldadæmnum Larrington um *Byðskviðu* og *Ragnars sögu laðbrókar*. Það er því ljóst að slíkar tákmyndir feila ekki einungis í sér hegðunarfræðileg mynstur sem eiga rætur sínar að rekja til taugabóða og upplifun einstaklinga af slíkum boðum, heldur einnig (eða enn fremur) til bókmennat hefða um framsetningu og túlkun gjörða og orða.

Á hápunkti *Brennu-Nýils sögu* meðan á brennunni á Bergþórshvoli stendur eiga Gunnar Lambason og Skarphéðinn fræg orðaskipú þar sem Gunnar vænir Skarphéðin um að gráta: „Gunnar Lambason hljóp upp á vegginn ok sér Skarphéðin ok mælti: „Hvært grætur þú nú, Skarphéðinn?“ „Eigi er þat“ segir hann, „en hitt er satt, at súnar í augunum.““³⁵ Andsvar Skarphéðins beinir athyglinni frá gráti sem tilfinningathöfn. Þunga-míða merkingarinnar færir frá tárnum sjálfum (og mögulegu tilfinningaróti sem liggur þar að baki) til smávægilegra óþæginda vegna reyksins. Sú yfirlýsing er augljóslega í hrópanði andstöðu við aðstræður hans, sem lesendur eru hins vegar fullkomlega meðvitaðir um, og dregur að engu leyri úr þeim undirliggjandi harmi sem lesandi gefur sér að Skarphéðinn upplifir þegar hann stendur frammi fyrir dauða sínum og fjölskyldu sinnar. Afneittum gefur enn fremur til kynna ákveðna togsstreitu í textanum sem hefur með hugmyndir og gildismat á karlmennsku að gera.

³³ Zoltán Kövecses, *Metaphor and Emotion: Language, Culture, and Body in Human Feeling*, Cambridge: Cambridge University Press, 2000.

³⁴ „HOT FLUID IN A CONTAINER“, sama heimild, bls. 142–154. Sjá einnig gagnrýni Ayako Omori á myndlingu Kövecses um heitan vökva í „Emotions as a Hinge Mass of Moving Water“, *Metaphor and Symbol* 23/2008, bls. 130–146, og svar Kövecses, „On Metaphors for Emotion: A Reply to Ayako Omori (2008)“, *Metaphor and Symbol* 23/2008, bls. 200–203.

³⁵ *Brennu-Nýils saga*, útg. Einar Ol. Sveinsson, Reykjavík: Hið íslenska forritafélag, 1954, bls. 333.

Karlmennska er hér beintengd við það að ná valdi á tilfinningum eða láta tilfinningar ekki bera sig ofurlíði. Tilfinningaleg orðræða í textanum er því mörkuð af ákveðinni bókmennat hefð (sem endurspeglar að sama skapi samfélagsvenjur) varðandi kynbundna hegðun og tengsl tilfinninga við kyn, stöðu og karlmennsku.³⁶

Það má því segja sem svo að tilfinningar í bókmennnum séu athafnir sem verða til í gegnum málið (textann). Tilfinningar sem eru framsettar í texta eiga sér engan innri taugafræðilegan veruleika, heldur eru þær settar á svið (ef svo má að orði komast) í gegnum orðræðu textans. Til þess að slíkar tilfinningar hafi merkingu þarf hins vegar að tengja þær við bæði líffræðilegt og menningarlegt samhengi, þ.e. heim og líkana lesandans. Þær tilfinningar sem eru sviðsettar innan textans verða að raunfyrirbærum í huga lesandans í gegnum hans eigið tilfinningalíf og taugafræðileg viðbrögð. Lesandinn upplifir augljóslega ekki sjálfur allt það tilfinningaróf sem fram kemur í textanum.³⁷ Tilfinningarnar verða hins vegar merkingarþær sem ták sem lesandinn túlkar og umbreytir í merkingu í gegnum tengsl við minningabrot eigin tilfinninga, af reynslu af viðbrögðum annarra og, ekki sítt, í lýsingu á tilfinningum og hegðunarferli í öðrum bókmennnum (og

³⁶ Sjá einnig umfjöllun Aldísar Guðmundsdóttur um Íslendingasögur úr frá kenningum Darwins í „Darwin og Íslendingasögurnar“, *Orðhagi: Afmælikvæðja til Jóns Áðalsteins Jónssonar 12. október 2000*, ritstj. Guðrún Kvaran, Gunnlangur Ingválsson og Jón G. Friðjónsson, Reykjavík: Orðabók Háskóla Íslands, 2000, bls. 14–18. Aldís hefur einnig ritað meistaravirkið um tilfinningar í Íslendingasögum þar sem hún tekur meðal annars fyrir *Nýils sögu* úr frá kenningum Darwins um tilfinningar og svipþingði: „Því ertu þá svo fólnur?“. Um tilfinningar í nokkrum Íslendingasögum“, 1999, sjá sérstaklega bls. 97–132.

³⁷ Fræðimenn eru ekki sammála um eðli og taugalíffræðilegan grunn þeirra tilfinninga sem lesandi upplifir við lestur. Jennifer Robinson telur til að mynda að þær tilfinningar sem lesandi upplifir séu rauntilfinningar sem feili í sér viðbrögð lesandans við sögupersónum og tilfinningum þeirra. Slík samkennd við sögupersónur í bókmennnum endurspeglir tilfinningaleg viðbrögð við raunverulegum persónum (Jennifer Robinson, *Deeper than Reason: Emotion and its Role in Literature, Music, and Art*, Oxford: Clarendon Press, 2005, bls. 105). Beryl Gaut setur fram svipþáðar hugmyndir um tilfinningaviðbrögð lesanda við bókmennatextum í verki sínu, *Art, Emotion and Ethics*, Oxford: Oxford University Press, 2007. Alex Houen er hins vegar þeirrar skoðunar að bókmennatextar seji fram innvindaðan veruleika sem kallist á við raunveruleikann (Alex Houen, „Introduction: Affecting Words“, *Textual Practice* 2/2011, bls. 215–232). Hér er einungis átt við að þær tilfinningar sem settar eru fram í texta eiga sér ekki allar stað sem slíkar í huga lesanda, þó lesandinn geti vissulega verið tilfinningalega tengdur textanum eða sýnt atburðum og persónum hluttekningu (og færa má rök fyrir því að slík tilfinningatengsl séu vissulega grundvallaratriði og forsenda fyrir skilningi á bókmennatverkum).

þá mætti yfirfæra það á sjónræn listform eins og kvikmyndir eða leikriti).³⁸ Þessi umbreyting textarákna í merkingarþærar tilfinningagathafnir sem lesandi getur skilið felur í sér ákveðna hlutgerðingu tilfinningarákna sögu- persóna, þ.e. tilfinningar sögupersóna eru raungerðar í huga lesanda sem rauntilfinningar sem hægt er að tengjast. Þessi umbreyting endurspeglar þá tvíræðni rauntilfinninga og tjáningar þeirra sem felst í aðgreiningunni milli hins ytra og innra. Alex Høuen hefur bent á að „tilfinningar séu ein- vörvarandi og innbyggður í tjáningarhátt olkar að „tilfinningar séu ein- ungis það sem þú mótar og býrð yfir innra með þér.“³⁹ Að mati Høuen felur tjáning slkra tilfinningar hins vegar ævinnlega í sér „samsömun við málvenjur sem eru alltaf fyrir utan“ þann sem hjáir þessar tilfinningar.⁴⁰ Það eru því ákveðin grundvallartengsl milli tungumálsins sem tjáning- arforms þess líkamlega og hugræna ástands sem viðkomandi upplifir sig í, og bókmennna sem sviðsetningar slkra tilfinninga.

Þessi grundvallartengsl milli málahafnar og tilfinninga eru ekki síst mikilvæg fyrir miðaldabókmenntr sem voru gjarnan fluttar af lesanda sem las upphátt fyrir hóp af áheyrendum. Í slíkum tilfellum miðlaði flytjandinn þá milli textans og viðtakenda. Slík miðlun bætir við annarri vídd sem er líkami, rödd og gjörðir þess sem les upphátt fyrir áheyrendur. Lestrurinn rýfur enn fremur þá persónubundnu nálgun sem felst í einkalesuri þar sem

³⁸ Hér er komið inn á það svið sem hugræn fræði hafa einhlínt mjög á, þ.e. þau áhrif sem bókmenntr eða textar hafa á tilfinningalíf lesandans. Umfjöllunin hér einkskorðast við þá miðlun sem á sér stað milli texta og lesanda, fremur en það taugafraðilega ástand sem á sér stað í heila og líkama lesanda við lestur. Denise Riley heldur því hins vegar fram að tungumálið sjálf feli í sér tilfinningu og ekki sé hægt að greina milli tungumáls sem ber tilfinningu (frá sendanda, ef svo má að orði komast, til viðtakanda) og tungumálsins sem tilfinningar í sjálfa sér (Denise Riley, *The Words of Selves: Identification, Solitariness, Irony*, Stanford: Stanford University Press, 2000). Fyrir frekari upplýsingar um hugræn fræði, sjá til að mynda Lisa Zunshine, *Why We Read Fiction: Theory of Mind and the Novel*, Columbus: Ohio State University, 2006 og Patrick Colm Hogan, *Cognitive Science, Literature, and the Arts: A Guide for Humanists*, New York: Routledge, 2003. Sjá einnig gagnrýni Brians Boyd á kenningar Zunshine í „Fiction and Theory of Mind“, *Philosophy and Literature* 30/2006, bls. 590–600. Um túlkun á bókmennatextum út frá hug- rænum kenningum sjá til að mynda greinar Bergljótar Kristjánsdóttur: „Ég get ekki sagt“, „Ákálfskímstfrakka eða Arnaldur Indriðason og bókmennatraféið“, *Skrárin* haust 2010, bls. 43–44 og „Nema í sögu/ og huga“, *Um tengsl manna og frásagna og fæin verk* Gyrdís Elíassonar, *TMM* 4/2011, bls. 24–30.

³⁹ Alex Høuen, „Introduction: Affecting Words“, bls. 217. Á ensku segir: „Emotions are purely what you generate and possess inside yourself“.

⁴⁰ Sama heimild, bls. 217. Á ensku segir: „Formulating such internal feeling entails identifying with linguistic conventions that remain external to me“.

tilfinningaheimur sögunnar er raungerður í huga staks lesanda og því mót- aður að einhverju leyti af hans eigin reynslu og menningarsambengi. Slík túlkun á fluttu efni er vískipt; annars vegar liggur hún hjá þeim sem les upphátt og túlkar því það efni sem hann les, og svo hins vegar hjá áhey- endum sem eru móttakendur efnisins.

Jafnan hefur verið vísað í samfélagslegar aðstæður lesturs á Íslandi á miðöldum þar sem margvíslegt efni var gjarnan lesið upphátt fyrir heimilis- fólk á bæjum og býlum þeim til skemmtunar og fróðleiks. Joyce Coleman hefur ennfremur bent á að lesvenjur á Brelandi á miðöldum hafi einnig falið í upplestri fyrir hóp áleyrenda og beinir því athyglinni að mikilvægi túlkunarþáttarins í flutningi á slíku efni.⁴¹ Hún sýrðst meðal annars við latneskar handbækur um mælskulist þar sem lögð er áhersla á að flutningur efnis sé í samræmi við efnisföng og að flytjandi beri að tjá (með látbragði, svipbragðum og hljómfalli radðar) þá tilfinningu sem textinn eigi að miðla. Gert er því ráð fyrir að flytjandi geti túlkað tilfinningaheim texta réttilega og að honum beri að koma honum til skila með viðgænda áherslu. Að mati Colemans er líklegt að slíkar ræðuisstarreglur hafi verið þekktar víðar og hafi haft áhrif á fransögu og flutning á efni utan hins latneska fræði- heims. Benda má á í því sambengi að slíkir málheimar voru yfirleitt ekki aðskildir á miðöldum, heldur skörvðust þeir að mörgu leyti, bæði hvað varðar aðgengi aðila að báðum málum og almenna meðvitund um marg- tyngi. Það má því vel vera að textar hafi verið fluttir með látbragði og svip- bragðum lesanda sem átt hafi að miðla þeim tilfinningum sem textinn var talinn búa yfir. Þar sem áherslan er á flutning, skarast mörkin milli texta og leikflutnings og hlutverk flytjandans í tilfinningamiðlun fær því auknið vægi í því hringferli tilfinningatúlkunar sem á sér stað á milli texta og lesanda. Slíkur flutningur er engu að síður aðeins framsetning þeirra sviðsettu til- finninga sem er að finna í textanum sjálfum sem tungumáli. Flytjandinn er því einungis líkamleg birtingarmynd tilfinninga sem þegar eru til staðar í textanum sem „sviðsettar hugkennir“ svo vísað sé til orða Høuen.⁴²

⁴¹ Joyce Coleman, „Reading Malory in the Fifteenth Century: aural Reception and Performance Dynamics“, *Arthuriana* 4/2003, bls. 48–70.

⁴² Alex Høuen, „Introduction: Affecting Words“, bls. 225. Høuen fallar hér um hvernig textinn sviðsetur hugkennir (e. *performs affects*) með því að framkræma tilfinningu í gegnum málið eða með málinu. Høuen byggir þessa kenningu sína á hugmyndum Austens um málahafnir, þ.e. orð sem framkræma ákveðna gjörð í gegnum beitingu þeirra á stól þess að vísa í staðhæfingar eða þjóna sem lýsingar á ákveðnu ástandi (sbr. J. L. Austen, *How to do things with Words*, Oxford: Clarendon Press, 1962). Høuen yfirfærir hugmynd Austens um slíkar málahafnir yfir á text-

Þegar litð er til *Niflungakviðu* þá felur slíkur flutningur til að mynda í sér áhrifin af ljóðlínunni sjálfri; það er risi og falli innan línunnar. Í erindinu sem vitnað var í hér í upphafi greinarinnar má til að mynda sjá að braghvifdin í miðri þriðju ljóðlínunni beinir athyglinni að þeim andstæðupörum sem falla sitt hvoru megin við eyðuna þar sem kemur fram að við eigum í vændum sögu: „um gleði og veislur miklar harma, sorgir og tár“. Ljóðlínan undirstrikar þá meginatburði sem munu liggja til grundvallar hefjugsögunni, þ.e. hefjudæðir, sverðaglamur og veisluhöld annars vegar og hins vegar hugarkvöl, harmakvein og sorg. Sjálft ljóðformið eykur þannig á leikræn áhrif textans og þá undiröldu tilfinninga sem lýst er.

Hins vegar felst tilfinningaþrungni textans ekki einungis í slíkum tilfinningaorðum. Átakasenan á hápunkti kvíðunnar, þegar sonur Kriemhildar og Etzels Húnakonungs er dreppinn, er til að mynda áberandi laus við allar tilfinningalýsingar:

Riddari Rínar Hagen reiddi sverðið til höggs,
barnið Ortlieb deyddi, blóðið flæddi sem foss
um Hagen, en barnsins höfuð drottningu féll í fang.
Upphófst alda morða og grimmdarverka löng.⁴³

Senan er myndræn og lýsandi. Áherslan lýst frá sverðinu yfir á blóðið sem fossar táknað yfir hendur Hagens, þ.e. athygli lesandans er beint að blóðugum höndum vígamannsins og sverðinu sem banaði barninu. Þvínæst er þysjað inn á afhoggjó höfuð barnsins sem velur eftir borðinu þar til það lendir í fangi móðurinnar. Myrðin er bæði táknað og þrungin en hún boðar endalok blóðlínunnar. Textinn leggur áherslu á ónáttúru atburðarins með því að beina athyglinni að Kriemhildi, þ.e. tvíþættu hlurverki hennar sem móður og drottningar. Það er drottningin sem tekur hér við „gjöf“ Hagens, en móðirin sem situr eftir með barnshöfuðið.

ann sjálfan sem framkvæmir því eða leiðir af sér tilfinningarnar fyrir lesandann í stað þess að lýsa þeim einungis.

⁴³ *Das Nibelungenlied*, 33. þáttur, 1961. erindi, bls. 308. Á miðháþýsku segir:

Dô sluoc daz kint Ortleben Hâgen der heit gîot,
daz im gegen der hende ame swërre vlôz daz hlîot,
unt daz der küneginne daz houbet sprânc in die schôz.
dô huop sich under degenen ein mort vil grimme unde grôz.

Viðbrögðum Kriemhildar er hins vegar ekki lýst, né Etzels þó hér hafi sonur hans og erfingi verið myrtur af gestkomandi í húsi Etzels. Slíkur atburður gengur þvert á allar siðareglur og ofbýður bæði sögupersónum og áheyrendum. Alvarleika gjörðarinnar er hér miðlað í gegnum þögnina, þ.e. skort á lýsingum á viðbrögðum. Þeirri þögn er ekki síst miðlað í bardaganum sem á sér stað í framhaldinu, bardaga sem er án orða, tára eða harmkvæla. Tilfinningagildi sennunar felst í því sem *ekki* er sagt og í því hvernig athygli lesanda (og áheyrenda) er beint frá hljóðrænu og rým- islegu umfangi sennunar (salnum, hávaðanum, deilunum) að höfðinu sem rúllar í myndræmi dauðþögn í fang móðurinnar.

Ef senan er borin saman við annað dráp síðar í kvíðunni þegar Rüdiger greifi fellur, má sjá muninn í framsetningu og miðlun þessara tveggja atburða og tilfinningavægi þeirra. Rüdiger hefur verið tryggur fylgismaður Etzels og Kriemhildar sem leitast hefur við að ná sáttum og meðal annars gefið Giselher, bróður Kriemhildar, einkadóttur sína í hjónaband. Átakanleg staða hans felst í togstreitunni milli þeirra hollustrubanda sem hann er bundinn Kriemhildi annars vegar, og þeim sem hann er bundinn Búrgundum hins vegar í gegnum mægðir og skyldur hans sem gestgjafi þeirra. Dauða Rüdigers er hér lýst í 29 erindum sem undirbúa áheyrendur og lesendur undir fall hans og beina athyglinni að hefjudauða hans.⁴⁴ Lýsingin gegnir því tvíþætta hlurverki að auka spennu áheyrenda sem vita hvað komna skal, og að móta þá textarleið sem liggur til grundvallar kvíðunni.

Í sennuni er lík Rüdigers borin fyrir Etzel og Kriemhildi, en þó er áherslan ekki á líkama hins fallna bardagamanns, eins og í sennuni hér á undan þar sem athyglin beinist að hinum vanvita líkama erfingjans. Þess í stað er athygli lesandans beint að arfleifð Rüdigers sem falllins bardagamanns, sem tákmyrðar fyrir fall Niflunga sem minnst mun um aldur og ævi í kvíðunni sjálfri:

Sáu þau markgreifann mikla myrtan borinn í sal.
Sársauki þrann þeim í hjarta bæði hjá víf og hal.
Ekkert skáld hefði meгнаð hvorki í söng eða á bók
að lýsa harmagrátunum né hjartans þunga ok

Líkt og er ljónið öskrar var konungsins harmakvein.
Fall hins göfuga greifa varð konungsins hjartamein.

⁴⁴ *Das Nibelungenlied*, 37. þáttur, 2206–2234. erindi, bls. 345–349.

Dröttningin harmnaði einnig hjartað svo nærri brast,
enginn gat ósnortinn verið við dauða hins göfuga manns.⁴⁵

Í textanum leiðir opinberun Ílkama greifans til „harmagráts“ og „harmakveins“ allra víðstraddra sem er í hrópandi andstöðu við þögnina sem fylgdi dauða barnsins. Líkíð er því uppspretta þess harmakveins sem liggur til grundvallar ritun epískrar harm sögu. Gráturinn gegnir hér tvíþættn hlutverki; annars vegar sem eggjun til hefnda, rétt eins og harmur Kriemhildar yfir dauða Siegfrieds sefast ekki fyrr en hans hefur verið hefnt, og hins vegar sem líkamleg birtingarmynd tilfinninga. Harmgráturinn gegnir þar af leiðandi því hlutverki að festa hetjudauða hans í minningunni. Kvíðan undirtrikar þann tilgang harmkveinsins með vísun í ritarrann sem er ætlað að festa á blað þá stórbrotnu atburði sem munu verða undirstaða *Niflungakviðanna*. Þó rekið sé fram að jafnvel vanur ritari græti ekki lýst harmi víðstraddra, þá gerir ritari *Niflungakviðu* það hins vegar af miklu innsvæi þegar hann líkir harmi hans mikla konungs við rödd ljónsins sem skekur salm í harmgræti sínum.

Carol Clover hefur fjallað um hlutverk harmgráts í fornslenskum sagnaarfi en hún telur að gráturinn hafi haft tákmennu hlutverki að gegna í að eggja til hefnda eftir fallinn attingja og sem harmgrátur þar sem hins fallna er minnst.⁴⁶ Gráturinn er því ekki sprottinn af þeim tannga- og efnatræðilegu boðum í heilanum sem leiða af sér slík líkamleg viðbrögð, enda gráti margar kvenanna í Íslendingasögum ekki í þeim aðtæðum þar sem slíks gráts væri að vænta, heldur fehi hann í sér ákveðið bókmennatímótf sem er beintengt við hlutverk þessara kvenna í að upphalda heiðri

⁴⁵ *Das Nibelungenlied*, 37. þáttur, 2233–2234. erindi, bls. 349. Á miðháþýsku segir:

Dô si den marggrâven	sâhen tôten tragen,
ez enkunde ein schrîber	gebrieten noch gesagen
die manegen ungebære	von wibe unde ouch von man,
diu sich von herzen jâmer	âldâ zêigen began.

Der Êrzêlen jâmer	der wart alsô grôz,
als eines lewen stimme	der rîche kîneec erdôz
mit herzen leidem wuofe;	alsam tet ouch sîn wîp.
si klageren ungefuoge	des guoten Rîedergêtes îp.

⁴⁶ Carol Clover, „Hildegunn's Lament“, *Cold Counsel. Women in Old Norse Literature and Mythology: A Collection of Essays*, ritstj. Sarah M. Anderson og Karen Swenson, New York: Routledge, 2002, bls. 15–54. Greinin birtist upphaflega í *Structure and Meaning in Old Norse Literature*, ritstj. John Lindow, Lars Lönnroth og Gerd Wolfgang Weber, Odense: Odense University Press, 1986, bls. 141–183.

og minningu hins fallna. Gráturinn felur því í sér hvöt til hefnda og er nátegendur við það sem Clover kallar „blóðuga táknið“ (e. *bloody token*) sem er ákveðinn hlutur sem tengist dauða hins lána eða stendur fyrir hinn lána og hvetur aðstandendur til hefnda.⁴⁷ Clover tekur fram að táknið geti falist í klæðnaði hins lána, vopninu sem varð honum að bana, eða líkama hins lána (eða blóði sem feli þá í sér ákveðna hlutgervingu líkama hins lána).⁴⁸ Í *Brennu-Njáls sögu*, sem Clover vísar í í grein sinni, felst „blóðuga táknið“ til að mynda í skikkjunni sem Hildegunnur streypir yfir flosa með blóðrefjum Höskuldar þegar hún hvetur til hefnda eftir hann.

Þegar Gunther, konungur Niflunga og bróðir Kriemhildar, og menn hans koma fyrst til hirðar Erzels og ganga til veislu, þá leggur Hagen sverðið sem tilheyrði Siegfried yfir læri sér. Gjörðin hefur tvíþættan tilgang, þ.e. að ögra Kriemhildi með því að bera vopn við borðhald í húsum hennar annars vegar, og hins vegar er hér um að ræða hlutgervingu fyrir líkama Siegfrieds í anda hans „blóðuga tákns“ Clover. Kriemhild ber kennsl á vopnið og sorgin hellist yfir hana:

Hagen með hroka miklum	lagði hið skínandi sverð
yfir hné sér og sýndi	handföngin dýr að gerð,
lögð með lýsandi jaspis	grænni en gras um nátt,
Kriemhild þekkti vopnið	það hafði Siegfried átt.

Hún þekkti aftur vopnið	það oli hjartans nauð.
Handfangið allt var gullið	egghlífn dreyrarauð.
Pungbær var henni raunin	heyrðust þá ekkasog;
svo segir mér eigin hugur	að Hagen vildi svo. ⁴⁹

⁴⁷ Sama heimild, bls. 17.

⁴⁸ Sama heimild, bls. 15–16.

⁴⁹ *Das Nibelungenlied*, 29. þáttur, 1783–1784. erindi, bls. 281–282. Á miðháþýsku segir:

Der übermüetere Hagene	leit' über sîniu bein
ein vil liehtez wâfen,	îz des knopfe schein
ein vil liehter jaspes,	grüener danne ein gras.
wol erkande Kriemhilt,	daz ez Sîfides was.

Dô si daz swert erkande	dô gie ir trûrens nôt.
sîn gehlize daz was guldîn,	diu scheid ein porte rôtt.
ez mante si ir leide:	wainen si began.
ich wæne, ez hete dar umb	der kûene Hagene getân.

Ögrunin hefur tilhlýðleg áhrif og Kriemhild er minnt á að hún hefur ekki sinnt skyldu sinni, þ.e. að eigna til hefnda eftir mann sinn og hefðra þannig minningu hans með harmgrát og hefndum. Notkun „blóðuga táknsins“ er hér gagnstætt notkun þess í Íslendingasöggunum; Kriemhild notar ekki blóðugt sverðið til að hvetja aðstandendur sína til hefnda, heldur er það vígamaðurinn sjálfur sem nú ber sverð hins látna við borð hennar. Hlún er því minnt á að Siegfried liggur enn óbættur og hans er óheft en morðvopnið liggur nú á kníjam morðingja hans undir borðum hennar. Textinn leggur áherslu á að það er sverð hins látna eiginnamans hennar, sem lagt er fyrir hana í húsum hins nýja eiginnamans, sem endurvekur sorgina og leiðir af sér harmgrátinn. Umráddur atburður er ekki síst tákningurinn þar sem leiða má líkur að því að umrætt sverð verði notað til að afhöfða son hennar síðar í kviðunni. Það má því líta svo á að innan söguheimsins séu örlög Niflunga ráðin á þessu augnabliki og að harmgráturinn sem hér er vakinn boði dauða Niflunga og endalok kviðunnar.

Hjð tvíþætta hlutverk harmgrátsins sem lýst er hér að ofan beinir atþyglinni að merkingu tilfinninga á miðöldum og skilningi miðaldamanna á tilfinningalíf. Í þeim hugmyndaheimi sem mótaður var af kristilegum skilningi á manninum og jarðlegri tilvist hans, áttu tengsl mannsins við hinn veraldlega heim sér stað í gegnum líkamann, þ.e. líkaminn var náendur við upplifun og skynjun á hinum veraldlega heimi. Hugmyndir miðaldamanna um líkamann sem svið þar sem hinar ýmsu geóshræringar áttu sér stað á sér hins vegar uppruna í í lækisfræðikennigum Hippókratesar um líkamsvessana:

Rétt eins og náttúran var samansett af fjórum frumefnum var maðurinn einnig samansettur af fjórum lymdisinkunnun (e. *humours*) eða líkamsvessum: gult gall, tengt við eld, bráðlyndi; blóð, tengt loffinu, glaðsinni; slím, tengt við vatn, dauflýndi; svart gall, tengt jörðinni, þunglyndi.⁵⁰

50 Corinne J. Saunders, „The Affective Body: Love, Virtue and Vision in English Medieval Literature“, *The Body and the Arts*, ritstj. Corinne J. Saunders, Ulrika Maude og Jane Macnaughton, Basingstoke: Palgrave Macmillan, 2009, bls. 87–102, sjá bls. 87. Á ensku segir: „Just as nature was made up of four elements, so man was constituted of four humours or bodily fluids: yellow bile, related to fire, the choleric humour; blood, related to air, the sanguine humour; phlegm, related to water, the phlegmatic humour; black bile, related to earth, the melancholic humour.“

Líkamsvessarnir stjórnuðu meðal annars skapgerð, líkamlegu ástandi og heilsu, og því var líkamlegt eða andlegt ójafnvægi gjarnan rakið til ójafnvægis í vessunum. Í *Niflungakviðu* er að finna vísanir í tilfinninga-viðbrögð sem eiga að gefa til kynna ómeðvrituð líkamleg viðbrögð sem persónur hafa ekki stjórn á, þ.e. ímyndað „innra“ líf persóna sem byggist á skilningi samtímamanna á eðli tilfinninga. Í upphafi kviðunnar, þegar Gunther og Siegfried fara í bónorðsför til að biðja um hönd Brunnhildar fyrir Gunther, má sjá að Dankwart roðnar af gleði þegar Brunhild skilar honum og mönnum hans vopnunum sem hún hafði tekið af þeim, en Brunhild verður aftur á móti rauð af reiði þegar Gunther vinnur sigur á henni með aðstoð Siegfrieds.⁵¹ Þæði viðbrögðin fela í sér líkamlega svörum sem er beintengd við tilfinningar, annars vegar við reiði og hins vegar við gleði. Í báðum tilfellum má sjá ákveðna samsvörum milli manlegra og erfðafræðilegra viðbragða (þ.e. andlitstroða sem tengdur er taugaboðum í heila sem hafa áhrif á háráðar og blóðstreymi í andliti) og hugmynda miðaldamanna um innri svipungar á líkamsvessum í tengslum við slíkar tilfinningasveiflur.

Í *Brennu-Njáls sögu* er einnig að finna svipaðar framsetningar á innri hugarhræringum sem briótast út í líkamannum, þó orð sögupersóna gefi annað til kynna. Þegar Bergþóra eignir syni sína til hefnda fyrir orð Hallgerðar, svarar Skarphéðinn af kæruleysi, en líkamleg viðbrögð hans gefa til kynna að undir liggji geóshræring sem sjáanleg er í litabreytingum og svita sem sprettur fram á enni honnum:

„Ekki hófu vér kvenna skap,“ segir Skarphéðinn, „at vér reiðimsk við öllu.“ „Reiddisk Gunnarr þó fyrir yðra hönd,“ segir hon, „ok þykir hann skapgóðr; ok ef þér rekið eigi þessa réttar, þá munuð þér engrar skammarr reka.“ „Gaman þykir keilingumi at, móður vátri,“ segir Skarphéðinn ok glótti við, en þó spratt honum sveiti í enni, ok komu rauðir flæklar í kinnir honum, en því var ekki vant.⁵²

Leiða má líkur að því að miðaldaáhæyrendur hafi verið fullfræfir um að lesa í líkamleg viðbrögð Skarphéðins um það tilfinningarót sem orð móður hans hafa valdið, rétt eins og nútímalesandinn túlkar misræmið milli orða hans og litbrögða sem merki um geóshræringu, jafnvel þó slíkt hafi mörgu-

51 *Das Nibelungenlied*, 7. þáttur, 448. erindi, bls. 80 og 465. erindi, bls. 83.

52 *Brennu-Njáls saga*, útg. Einar Ól. Sveinsson, bls. 114, mín skálerum.

lega upphaflega verið tengt líkamsvessum fremur en lífefnafræðilegum boðskiptum.

Slík meðvrituð notkun birtingarmyrnda tilfínninga í textanum til að skapa togstreitu eða beina athyglinni að undirhleggjandi togstreitu undirstríkar stöðu tilfínninga í bókmenntum sem tákmyrnda og leggur áherslu á hlutverk lesandans við að ráða í slík ták. Lífa má á miðaldartextanum sem menningarlegra afurð og miðlun tilfínninga í slíkum textum er því háð meðvritund um þær hömlur sem tíminn sem skilur að nútímalesandann og miðaldahöfundinn setur okkur. Engu að síður veita slíkir textar okkur ekki bara þýðingarmiklar upplýsingar um þann tilfínningaheim sem miðlað var í gegnum texta, heldur einnig um okkur sjálf sem viðtökendur og túlkendur slíkra tilfínninga. Það tilfínningalíf sem sögupersónur eiga að búa yfir verður einungis til í huga lesandans og má því segja sem svo að hann eigi sér stað í nútímanum og innan okkar eigin menningarbundna samhengis. Það er því verðugt víðfangsefni að skoða ekki bara hvernig tilfínningar eru framsettar og túlkaðar innan miðaldasamhengis, heldur einnig hvernig sú túlkun getur haft merkingu í dag.⁵³ Nútímakennningar innan taugalíffræði geta því veitt aðferðafræðilegan grunn til að kanna samspil tilfínninga sem textarákna og þess sem á sér stað í huga lesandans við túlkun og úrvinnslu slíkra tákna. Slíkt nálgun má ljúka við þrjú milli menningarheims miðalda og nútímalesandans, sem gerir það að verkum að þær tilfínningar sem búa í textanum sem táknafræði eru túlkaðar og skynjaðar af nútímalesandannum þrátt fyrir þann aðskilnað sem er á milli þessara menningar- og málaheima.⁵⁴

⁵³ Guðrún Nordal bendir meðal annars á að samanhurður við förtöina geti varpað ljósi á nútímann (Guðrún Nordal, „Endurtekin stef um óhöf, ófisa og ágirnd“, *Skírni vor*/2009, bls. 76–86). Hún dregur líkingar milli þess þjóðfélagsótóra sem varð í kjölfar hrums á Íslandi og þeirra atburða Sturlungaaldar þegar þjóðin skipaði sér í fylkingar og ósættu og delur mökkuðu samfélagið. Sturlungaöldin sameinaði djúpræð pólitísk átök og gífnirlega sköpunargleði sem afhjúpar tilfínningalegt umbrót höfundna og áheyranda þess tíma og tilræmni til að tákast á við sögulegan raunveruleika. Slík gildi eiga engu síður við í dag en þá og veita okkur innsvýn um í þann menningarheim sem má segja að liggji til grundvallar okkar eigin menningu.

⁵⁴ Grein þessi byggir að hluta til á fyrirlitnum „Nútímakenningar og miðaldabókmenntir: taugalíf, menning, texti“ sem haldinn var í málsstofnuni „Hvað eru miðaldalíf?“ á Hugvísindalíngi 9.–10. mars 2012.

ÚTTDRÁTTUR

Hugræn fræði, tilfínningar og miðaldir

Í þessari grein er fjallað um nýlegar kenningar á sviði taugalíffræði og tilfínningalífs. Sérstaklega er spurt hvar og hvernig slík fræði geta skarast við miðaldalíf fræði í ljósi þess að miðaldamaðurinn upplifði sig og heiminn að mörgu leyti á ólíkan hátt og á öðrum forsendum en nútímamaðurinn. Leitast er við að brúa bilið milli nútímalafræðikenninga og miðaldartexta með það í huga að förtöin er ekki stöðug heldur er hún að vissu leyti alltaf endursköpuð á hverjum tíma. Í þessu samhengi er fjallað um framsetningu tilfínninga í miðaldartextum eins og *Brennu-Njáls sögu* og epíska miðaldakvæðinu *Níflungakvæði* (*Nibelungenlied*). Synt er fram á að tilfínningar í texta megi skilja sem tákmyrmdir sem ætlað er að miðla ákveðinni merkingu til lesanda.

Ljklíorð: tilfínningar, taugalíffræði, miðaldir, Níflungakvæða, Brennu-Njáls saga

ABSTRACT

Cognitive Studies, Emotions and the Middle Ages

This article seeks to engage recent critical developments within cognitive sciences and neurology to address medieval texts. It asks how theories originating within modern approaches and perceptions of the mind and its emotive life can be applied to medieval texts. Medieval works are here considered as textual artefacts that are negotiated by the modern reader in much the same manner as modern texts. The article discusses the representation of emotion in medieval works such as the Icelandic saga *Brennu-Njáls saga* (*Njáls saga*) and the German epic *Nibelungenlied* (*Song of the Nibelungs*). It is shown how emotions can be considered as textual or representational signs that are intended to mediate meaning within the narrative framework.

Keywords: emotion, neurology, medieval, *Nibelungenlied*, *Njáls saga*

Ritið:3/2012

12. árgangur
Tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands

Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Þórhallur Eypórsson:	„með rauðum dropum“ Fæin orð um hugræn fræði	3
<i>Penna: Hugræn fræði</i>		
Bergljót Soffía Kristjánsdóttir:	„Holdið hefur vit“ eða „Við erum ekki kyr á beit í haga skilnings og þekkingar“ Um líkamsmótað vitsmunasaratf og hugræna bókmenntafræði	13
Bergsveinn Birgisson:	Stuttur kveikur Skalla-Gríms Tvær umþenkingar um hugræn fræði	43
Sif Ríkharðsdóttir:	Hugræn fræði, tilfinningar og miðaldir	67
Þjarni Sigurbjörnsson:	Að mála með mænunni	91
Jörgen L. Pind:	„Sálarfeyið mitr skelfur“ Hugfræðilegur sögubáttur	105
Árni Kristjánsson:	Þekkingarfræði Kant í kenningun samtímans um sjónskynjun	127
Matthew Whelpton:	Hugræn merkingarfræði og útkomuseiningar	145
<i>Þýðing:</i>		
Keith Oatley:	Að skrifaoglesa Framtíð hugrænna skáldskaparfræða	163
Höfundar, ritstjórar og þýðendur		183